

fémætt sem þeir vildu hafa á burtu með sér. Ekki urðu þeir þar heldur fleiri trölla varir. En þegar þeir voru að rannsaka hellinn komu þeir að afhelli dálitlum, og þegar þeir komu inn í hann sáu þeir þar báðar hinar týndu kóngsdætur. Voru þær þar fjötraðar inni. Var önnur dável feit en hin skinhoruð. Voru þær að barma sér yfir forlögum sínum og sagðist sú feitari nú eiga að deyja í dag því það ætti að hafa sig til jólanna.

En í þessu gengu bræðurnir inn til þeirra, leystu þær og sögðu þeim hvar komið var. Glæðnaði þá yfir systrunum, sem von var, og höfðu bræðurnir þær heim með sér til hallarinnar og létu þær fara inn í skemmuna til systra sinna. Var þá enn ekki kominn dagur.

En með degi kemur kóngur út þangað til að vita hvernig þeim bræðrum hefði tekist að gæta systranna. En þegar hann heyrði allt sem við hafði borið um nóttina, og sá allar dætur sínar þar saman komnar, varð hann svo glaður að hann réð sér varla fyrir fögnuði. Eflði hann þá til stóreflis veislu og lyktaði sú veisla með því að bræðurnir drukku brúðkaup sitt til sinnar kóngsdótturinnar hver. Urðu þeir bræður síðan allir hinir mestu menn og lifðu bæði vel og lengi í mesta gengi. Og nú er þessi saga úti.

*Úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar.*

## VELVAKANDI OG BRÆÐUR HANS

Einu sinn var karl og kerling. Þau áttu fimm syni, sinn á hverju ári. Ekki var fleira manna í kotinu en þau hjónin og synir þeirra. Einu sinni sem oftar fóru hjónin út á engjar að slá en skildu bræðurna eina eftir heima því þeir voru þá svo stálpaðir orðnir að óhætt var að fara frá þeim. Veður var gott um daginn og voru bræðurnir að leika sér úti í kringum bæinn.

Þá kom til þeirra gömul og hrum kerling. Hún bað sveinana að gefa sér að drekka. Þeir gjöra það. Þegar kerling var búin að svala sér, þakkaði hún þeim kærlega fyrir sig og spurði hvað þeir hétu. Bræðurnir segjast ekki heita neitt.

Þá segir kerling: „Fegin varð ég að fá að drekka hjá ykkur því ég var að þrotum komin af þorsta; en nú er ég svo fátæk að ég get ekki launað ykkur sem skyldi. Þó ætla ég að gefa ykkur sitt nafnið hverjum og skal hinn elsti heita Velvakandi, sá annar Velhaldandi, sá þriðji Velhöggvandi, sá fjórði Velsporrekjandi og sá fimmti Velbergklifrandi. Heiti þessi gef ég ykkur fyrir svaladrykkinn og vona ég að renta fylgi nafni.“

Síðan kvaddi kerling bræðurna og bað þá að muna vel nöfnin. Fór hún svo leið sína. Um kvöldið þegar foreldrar bræðranna komu heim spurðu þau þá hvort nokkur hefði

komið um daginn. Þeir sögðu eins og var og svo um nöfnin sem kerling hefði gefið sér. Þau létu vel af því, karlinn og kerlingin.

Uxu nú bræðurnir upp hjá foreldrum sínum þangað til þeir voru uppkomnir. Þá sögðust þeir vilja fara burtu úr kotinu og reyna til að framast á öðrum stöðum. Foreldrar þeirra leyfðu þeim það. Lögðu þeir nú á stað, og segir ekki af ferðum þeirra fyrr en þeir koma til kóngsins. Þeir biðja kónginn veturvistar en segjast vilja fá hana annaðhvort allir eða enginn. Kóngur sagði að þeir skyldu fá að vera hjá sér um veturinn ef þeir vilji vaka yfir og gæta dætra sinna á jólanóttina. Þeir játa því og verða nú allir hjá kóngi.

En svo stóð á að kóngur hafði átt fimm dætur. En tvær seinustu jólanæturnar höfðu tvær þeirra horfið, sín hvora nótt úr meyjarskemmuni, og var þó vakað yfir þeim. Enginn vissi hvernig þær hefðu horfið og hvergi fundust þær þrátt fyrir allar leitir og rannsóknir sem kóngur hafði látið gjöra. Þegar bræðurnir vissu hvernig ástatt var létu þeir konung láta smíða nýja meyjaskemmu, einstaka sér og mjög rammgjörva.

Nú komu jólin. Fóru þá kóngsdæturnar þrjár sem eftir voru í skemmuna og bræðurnir allir fimm. Ætluðu þeir nú að vaka á jólanóttina yfir kóngsdætrunum. En þeir sofnuðu allir nema hann Velvakandi. Ljós var í skemmuni og hún harðlæst. Fyrri part nætur sér Velvakandi að skugga ber á einn skemmugluggann og því næst seilist inn hönd ógnarlega stór og hrikaleg og yfir rúm einnar kóngsdótturinnar. Þá

vekur Velvakandi bræður sína í snatri og þrífur Velhaldandi í loppuna sem inn seildist, svo sá gat ekki dregið hana að sér sem átti, þó hann streittist við. Kom þá Velhöggvandi og hjó af hendina við gluggann. Hljóp þá sá frá sem úti var og eltu bræðurnir hann. Gat Velsporrekjandi rakið förin.

Komu þeir loks að afar bröttum hömrum sem enginn komst upp nema Velbergklifrandi. Hann klifraði upp hamarinn og kastaði festi niður til bræðranna. Dró hann þá svo upp alla. Voru þeir þá staddir við hellismunna stóran. Þeir gengu inn í hann. Þar sáu þeir skessu; hún var grátandi. Þeir spurðu hvað að henni gengi. Hún var treg til að segja þeim það en þó gjörði hún það á endanum. Sagði hún að karlinn sinn hefði í nótt misst aðra höndina og því lægi svo illa á sér. Þeir báðu hana að huggast og bera sig vel því þeir gætu læknað karlinn.

„En það má enginn horfa á okkur,“ segja þeir, „á meðan við erum að lækna, og erum við svo varkárir með leyndardóm okkar að við bindum alla sem nærri eru, svo enginn geti komið að okkur á meðan á lækningunni stendur, því þar liggur mikið við.“

Buðu þeir nú skessunni að lækna karl hennar undir eins ef hún leyfði þeim að binda sig. Ekki var henni um það en lét þó til leiðast á endanum. Bundu þeir skessuna nú rammlega og gengu svo inn í hellinn til karlsins. Var hann hið ferlegasta tröll og höfðu þeir engar sveiflur á því nema drápu hann undir eins. Að því búnu fóru þeir til skessunnar og drápu hana.

Síðan rannsökuðu þeir hellinn og fundu þar ekkert